



Alda  
design



## Blond Ambition



WHY WOULD A WOMAN WITH A DEGREE IN ARCHITECTURE WANT TO MANUFACTURE CONCRETE TILES?

"I like challenges," says Iceland native Dagny Steinsdóttir, founder of Alda Design in south Tucson. "I like the idea of taking something it seems almost impossible to be creative with and making it work."

Steinsdóttir, who describes herself as energetic, competitive and no-nonsense, also realized there was a hot demand for the product. So, after much experimentation and "massive trial and error," she went into the wholesale concrete tile manufacturing business, leaving a seven-year career in architecture behind. Now, instead of designing buildings, her days are devoted to designing and manufacturing hand-poured colored tiles, which are custom-made for architects, interior designers and contractors nationwide. "I still pour the concrete myself at times," admits the petite blonde. "When we get busy, it's all hands on deck."

Six years into the business, Steinsdóttir has developed dozens of versions of her innovative pre-cast tiles, which are used on floors, facades, and interior and exterior walls. To reduce weight, natural fillers are incorporated, including

metal scrap and recycled stained glass. The glass gives the tiles a confetti-like appearance, she notes. Finishes range from smooth to sandblasted, and colors may be plain, mottled or multihued.

"I once saw myself living in a metropolitan city like Copenhagen, Denmark, doing fabulous architecture. Instead, I'm living in a renovated warehouse in south Tucson, manufacturing concrete tiles," Steinsdóttir laughs. "But I love it. I don't think I could be more creative." —Linda J. Barkman

See Resource Guide for details.



## Fyrirtækið

Alda Design er fyrirtæki sem hannar, þróar og framleiðir steinsteyptar vörur fyrir þá sem gera kröfur til umhverfis síns í hönnun, gæðum og frumleika.

Alda Design var stofnað í Bandaríkjunum, nánar tiltekið Tucson, Arizona, árið 1995.

Framleiðsla fyrirtækisins byggist á sérhönnun forsteyptra innanhússflísa, utanhúss veggflísa, borðplatna og annarra eininga úr steinsteyptu. Viðskiptavinir Alda Design hafa fram til þessa verið bandarískir arkitektar, innanhússhönnuðir, byggingaverktakar auk almennings. Flísar og borðplötur hafa verið seldar til allflestra ríkja Bandaríkjanna, þó mest til Arizona, Kaliforníu, Kólóradó, New York, Flórída, Nýju Mexíkó, Washington-ríkis og Massachusetts.

Alda Design hefur nú flutt starfsemi sína til Íslands og hafið framleiðslu á Suðurnesjum.

## Upphafið

Sumarið 1983 fór ég til norðurhluta Ítalíu til að kynna mér hönnun hins fræga renaissance-arkitekts Andrea Palladio. Þegar ég gekk um og virti fyrir mér kirkjurnar og villurnar sem hann hafði teiknað og byggðar voru á 15. öld varð ég strax hugfangin af litríkum hellum sem prýddu gólfleti í mörgum af byggingum hans. Við nánari skoðun varð mér ljóst að gólf þessi, sem prýdd voru litum náttúrunnar, voru gerð úr steinsteyptum hellum og eins ótrúlegt og það kann að virðast höfðu þær staðist tímans tönn. Síðar meir þegar ég vann sem innanhússarkitekt í Arizona, þar sem flísar eru iðulega mikið notaðar, mundi ég eftir fallegu hellunum hans Palladio. Ég fór að kynna mér þessa aldagömlu aðferð, sem var ekki bara notuð á Ítalíu heldur líka á Spáni og í Mexíkó. Þegar ég svo byggði mitt eigið hús steypiti ég mínar fyrstu flísar samkvæmt þessari aðferð. Flísarnar vöktu strax athygli og má segja að það hafi verið byrjunin á Alda Design simply concrete.

Dagný Alda Steinsdóttir



Litur á borðplötu: Grey Slate.

## Vörur

Alda Design býður upp á steinsteyptar innanhússflísar og borðplötur sem eru silkimjúkar, hlýlegar, litríkar, aðlaðandi og skemmtilegar. Steinsteypta hefur í gegnum tíðina haft á sér ímynd kulda, gráma, hörku og þykir jafnvel leiðinleg. Vörur Alda Design eru allt annað en það.

## Sérstaða

Það sem gerir Alda Design flísar og borðplötur eftirsóttar er að þær eru allar steypar í sérsmíðuð mót þar sem blandan er jöfnuð og meðhöndluð eftir aðferð sem gefur einingunum sérstaka eiginleika. Vinnsluáferðin gefur hverri einingu mikið líf og silkimjúka yfirborðsáferð sem er algjör andstæða við þá áferð sem við eigum að venjast í steinsteypu. Flísarnar endast ævilangt og er hægt að leggja þær innan- sem utandyra.

## Styrkur og ending

Alda Design einingarnar eru þróuð vara sem hefur staðist margra ára reynslu og öll viðeigandi próf á Bandaríkjamarkaði. Prófanir og mælingar hafa verið gerðar á flísunum t.d. vegna hálfu, álags og raka og hafa þær uppfyllt allar tilskildar kröfur. Flest efni sem notuð eru við framleiðsluna eru vistvæn og leggur fyrirtækið áherslu á að geta uppfyllt kröfur sem markaður um vistvænt umhverfi gerir. Alda Design einingarnar eru bæði endingargóðar og sterkar og þær hafa staðist hefðbundin styrkleikapróf í Bandaríkjunum og á Íslandi. Niðurstöður rannsókna er hægt að nálgast á vefsíðu Alda Design, [www.aldadesign.is](http://www.aldadesign.is).



Litur á borðplötu: Highland Green.

## Litaval og áferð

Eingöngu er notað náttúrulegt og umhverfisvænt litarefni við framleiðsluna og tryggt er að liturinn dofna ekki með tímanum. Litirnir hafa mótstöðu gegn kalkútfellingum sem varnar alkalískemmdum. Hægt er að velja um fjölbreytt litaval og einnig að vinna með hönnuði Alda Design við að ná fram sérstökum litum.

**Litaval** - Allir litir sýndir hér fyrir neðan eru sérstaklega hannaðir af Alda Design. Hægt er að pantast sýnishorn af þeim hjá fyrirtækinu eða söluaðilum.

**Grey Slate** er dökkgrár litur sem hægt er að ná næstum svörtum með ákveðinni yfirborðsáferð. Þessi litur er einkar vinsæll á austurströnd Bandaríkjanna, sérstaklega í New York.

**Higland Green** er djúpur og mjög lifandi litur. Þessir tveir fara sérstaklega vel saman ef verið er að leita að fleiri en einum lit.

**Terra Cotta** og **Salmon** eru upprunalega litir sem komu frá Mexíkó og Suður-Ameríku og voru yfirlétt framleiddir í formi Saltillo eða leirflísam. Þessir litir eru mjög eftirsóttir á Flórída, í Arizona og Kaliforníu.


**Desert Sand** er vinsælasti litur Alda Design. Þessi litur er sérstaklega lifandi með litiferli frá brúnu og rauðu eftir því hvernig ljósið fellur á hann. Hann er eins fjölbreyttur og eyðimerkurnar eru margar.

**Simply Grey** er eins og nafnið gefur til kynna steinsteyptugrár. Hann er sérstaklega fallegur og hentar vel fyrir þá sem eru hrifnir af svokölluðum minimalisma, stíl sem nú er allsráðandi í innanhússhönnun. Þetta er litur sem ekki er hægt að fá nóg af. Ljós, lifandi og hreinn.


Alda Design flísar og borðplötueiningar eru unnar og steypar hver í sínu lagi. Vegna þessa verða engar tvær einingar eða engir tveir fletir nákvæmlega eins. Því meiri sem munurinn er því meira lifandi. Sumir litir eins og Saffron og Desert Sand eru samsettir úr fleiri litum í upprunalegu dufti og jafnast þannig misjafnlega. Þennan eiginleika köllum við náttúrulegan.




Litur á borðplötu: Desert Sand. Brúnir sandblásnar.



Grey Slate




Higland Green




Terra Cotta



Norwegian soil



Desert Sand



Simply Grey



Litur á gólfplísum: Desert Sand.  
Stærð: 30x30 cm.



## Stærðir

Gólfflísarnar fást í eftirfarandi stærðum  
(lengd, breidd, þykkt):  
15 cm x 30 cm x 16 mm  
30 cm x 30 cm x 16 mm  
60 cm x 60 cm x 20 mm  
60 cm x 30 cm x 20 mm

Borðplötueiningarnar eru framleiddar í mismunandi stærðum. Mál eru tekin af hverju verki fyrir sig og skurðir hannaðir þar sem við á. Brúnir eru 5 cm þykkar og eru sléttar eða sandblásnar. Borðplötueiningarnar eru skornar og yfirborð þeirra meðhöndlað áður en þær eru afhentar.

## Lagning og frágangur

Við lagningu og frágang er hægt að skera allar einingarnar eftir þörfum með demantsblaði. Að lokinni lagningu eru samskeyti fyllt með fúgu eða sílikoni í viðeigandi lit. Steinsteypar flísar eru meðhöndlaðar á sama hátt og aðrar rakadrægar flísar. Vatn er óvinurinn. Vinsamlegast fáið leiðbeiningar um meðhöndlun eininga, lagningu og yfirborðsmeðhöndlun hjá Alda Design ehf.



Litur á flísum: Red Earth.



## Vörubrúun og rannsóknir

Vörubrúun og rannsóknarvinna Alda Design miðar að því að þróa steinsteypar innanhússeiningar, s.s. flísar og borðplötur, sem standast kröfur á íslenskum og evrópskum markaði um þykkt og styrkleika. Alda Design hefur um árabil framleitt og markaðssett þessar vörur á Bandaríkjamarkaði. Fyrirtækið býr yfir þekkingu, reynslu og þróaðri aðferð við gegnheila litun, meðferð íblöndunarefna, mótagerð og vinnsluferli til að ná fram ákveðnum eiginleikum í áferð, útliti, styrkleika og endingu á steinsteypum einingum.



Litur á borðplötu: Terra Cotta.  
Flísar á vegg: 30x15 cm.

# Dæmi um verkefni

Verkefni þessi eru einungis smábrot þeirra verkefna sem Alda Design átti þátt í að skapa og nefnd til að sýna mismunandi umfang þar sem steinsteyptar einingar geta notið sín.

## 1 Sky Harbor International Airport, Phoenix, Arizona

Hönnuðir: Habitat Architects – habitatweb.com

## 2 T Cook Restaurant, Royal Palm Resort and Estates, Scottsdale, Arizona


Hönnuður: Jose Meskal, San Francisco, Ca.

## 3 El Presidio Art Gallery, Tucson, Arizona

Arkitekt: Margarete Joplin

## 4 Phoenix Children's Hospital, Phoenix, Arizona

Umtalað og fyrirmynd annarra barnaspítala, margverðlaunað fyrir umhverfisarkitektúr og innanhússhönnun.



## Vegalengdir engin hindrun

Framleiðsla Alda Design hefur verið seld víðs vegar í Bandaríkjunum og eru framleiðslueiningarnar iðulega fluttar fleiri þúsund kílómetra til viðskiptavina. Alda Design sinnir viðskiptavinum jafnt á Íslandi sem annars staðar í Evrópu að ógleymdum Bandaríkjunum.



Túngötu 18  
230 Keflavík  
Sími: +354 662 0463  
[www.aldadesign.is](http://www.aldadesign.is)  
[aldadesign@simnet.is](mailto:aldadesign@simnet.is)